

## Dómsorð:

Ákærði, William George Hardie, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innanborðs í togaranum Churchill, GY 585, svo og veiðarfæri hans öll, að meðtöldum dragstrengjum, skal upptækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1960.

Nr. 122/1960. **Ákærvaldið** (Sigurður Baldursson hdl.)

gegn

**Guðjóni Atla Árnasyni**

(Haukur Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Nauðgunartilraun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsivist ákærða ákveðst tvö ár og sex mánuðir.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 7000.00 til hvors.

Lögreglumenn gættu ekki nægjanlega ákvæða 35. gr. laga nr. 27/1951 við upphaf rannsóknar í málinu. Sérstaklega er aðfinnsluvert, að ekki skyldi þegar að kvöldi þess 6. apríl 1959 framkvæmd ýtarleg læknisskoðun á stúlkunni X né nákvæm athugun á vettvangi.

## Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Atli Árnason, sæti fangelsi tvö ár og sex mánuði.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Sigurðar Baldurssonar og Hauks Jónssonar, kr. 7000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. marz 1960.

Ár 1960, laugardaginn 19. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1514/1960: Ákærvaldið gegn Guðjóni Atla Árnasyni, sem tekið var til dóms 23. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 27. október f. á., er opinbert mál höfðað gegn Guðjóni Atla Árnasyni trésmið, til heimilis á Suðurlandsbraut 7, hér í bæ, en þá refsifanga að Litla-Hrauni í Árnassýslu, fyrir að hafa að kvöldi mánudagsins 6. apríl s.l. í Kringlumýri hér í bænum ráðizt á stúlkuna X, fædda 22. apríl 1943, og gert tilraun til að hafa samfarir við hana nauðuga með því að skella henni á jörðina, rífa fót hennar, grípa um kverkar hennar og reyna með valdi að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 18. júní 1927 í Reykjavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1939 1/11 Uppvís að þjófnaði á reiðhjólí og hlutdeild í hnupli.

1940 15/1 Uppvís að hlutdeild í innbroti og þjófnaði á lukt.

1941 21/7 Uppvís að reiðhjólþjófnaði.

— 30/10 Uppvís að þjófnaði á kanínum.

— 23/11 Uppvís að svikum og vanskilum.

— 3/12 Uppvís að svikum og vanskilum.

— 6/12 Uppvís að reiðhjólþjófnaði.

1943 3/4 Uppvís að þjófnaði á 250 kr. (hlutdeild).

- 1943 Í janúar: tók þátt í þjófnaði á ritvél (hlutdeild).  
Í marz: stal 3 flöskum með áfengi.
- 4/4 Framdi innbrot á Skól. 8.
- 10/4 Sveikst um að greiða ökugjald og stakk af úr bíl.
- 20/4 Stal karlmannshatti og bílkeðjum.
- 24/4 Stal varadekki af bíl.
- — Stal tveimur hjólum af bíl (hlutdeild).
- 29/4 Stal tveimur luktum úr bíl.
- 4/5 Stal bifreið, R 2477 (hlutdeild).
- 31/5 Tekinn ölvaður á götu.
- 4/6 Tekinn ölvaður á götu.
- 7/6 Uppvís að þjófnaði á bifreið, 1000 krónum, og innbroti og þjófnaði á peningum.  
Á þessu ári auk framanritaðs, uppvís að þjófnaði á armbandsúrj (hlutdeild) og varadekki af bíl. Óvist hvenær framdir.
- 1941 28/11 Var barnaverndarnefnd beðin að ráðstafa drengnum til langdvalar í sveit, og 3/4 1943 var hún beðin um eftirlit með drengnum vegna útivistar, flækings og óreiðu.
- 1943 í maí Kærður fyrir þjófnað o. fl. Dómsmálaráðherra ákvað með bréfi, dags. 18/4 1944, að saksókn skyldi falla niður, en kærði skuli háður eftirliti sakadómara í 1 ár frá 18/4 1944 til 18/4 1945, og málið skuli tekið upp á ný, ef kærði gerist sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum eða óhlýðnast settum fyrirmælum eftirlitsmanns.
- 1944 28/4 Rvík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 3/7 Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
- 21/7 Rvík. Dómur aukaréttar: 4 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað, svik og áfengis- og bifreiðalagabrot.
- 4/9 Rvík. Dómur aukaréttar: 60 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. og 247. gr. hegningarlaganna.
- 6/9 Rvík. Sátt: 500 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. áfengislaganna.
- 1946 17/1 Rvík: Dómur aukaréttar, 3ja mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

- 1946 15/11 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot gegn 45. og 28. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur, sbr. 10. og 20. gr. bifreiðalaganna.
- 1947 3/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
— 9/4 Rvík. Dómur aukaréttar: 6 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegnl. og lögreglusamþ. Kjósarsýslu.
- 1948 27/11 Rvík. Dómur aukaréttar: 2 ára fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 247. gr., 1. mgr. og 248. gr. hegningarl., bifreiðal, umferðal, áfengisl. og lögreglusamþ. Reykjavíkur, og sviptur ævilangt leyfi til að öðlast bifreiðstjóraréttindi.
- 1950 17/5 Rvík. Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir brot á 22. kafla hegningarl.  
— 2/9 Rvík. Dómur: 4 ára fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn hegnl., bifreiðal, áfengisl. og umferðal.
- 1955 31/12 Rvík. Dómur: Fangelsi í 2 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hegningarl.
- 1956 9/11 Rvík. Dómur: 30 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi og ökuleyfi ævilangt, fyrir brot á 244. gr. hegningarl., áfengisl. og bifreiðal.  
— 25/9 Rvík. Dómur: 2000 kr. sekt, fyrir brot á 1. mgr. 4. gr. byggingarsamþykktar Rvíkur.
- 1958 12/1 Rvík. Kærður fyrir meint svik. Felld niður.
- 1959 18/2 Rvík. Kærður fyrir meint svik. Felld niður.

Samkvæmt framburði ákærða og vitna, sem leidd hafa verið í málinu, eru málavextir þessir:

Milli kl. 18 og 18.30, mánudaginn 6. apríl f. á., kom ákærði, Guðjón Atli Árnason, heim til Júlíönu Guðbjartsdóttur, húsrúar, til heimilis í E-götu 38 í Kringlumýri, hér í bæ, en hún hafði áður verið ráðskona hjá honum að Þorláksstöðum í Kjós. Ákærði var undir áhrifum áfengis og hafði meðferðis tæplega hálfu flösku af brennivíni. Drukku þau ákærði og Júlíana saman áfengi þetta. Hann átti enn fremur geymdar hjá henni tvær flöskur af brennivíni, og var önnur þeirra tekin upp. Kveður Júlíana, að ákærði hafi neytt einn af þeirri flösku, en hann kveður, að þau hafi bæði gert það.

Milli kl. 20.30 og 21 kom telpan X, til heimilis í G-götu 42 í Kringlumýri, hér í bæ, fædd 22. apríl 1943, einnig í heim-

sókn til Júlíönu. Ákærði kveður, að brennivínsflaskan hafi þá ekki verið hálfnuð. Kveðst hann hafa opnað dyrnar innan frá fyrir telpunni, en hún kveður, að hann hafi komið inn í húsið rétt á eftir henni. Júlíana kveður, að ákærði hafi farið eitt-hvað burt og komið svo aftur, rétt eftir að telpan var komin inn úr dyrunum, en því hefur hann neitað. Telpan hafði séð ákærða áður hjá Júlíönu og kannaðist því aðeins við hann. Þau spjölluðu svo þrjú saman í eldhúsinu. Ákærði og Júlíana drukku af hinni áteknu brennivínsflösku, en tæmdu hana ekki. Telpan drakk kaffi.

Telpan kveðst hafa farið í burtu frá Júlíönu nokkru eftir kl. 22 og máské um 22.20, og hafi ákærði þá verið farinn stuttu áður. Hafi hann sagzt ætla að hitta Magnús á G-götu 70 og spurt hana að því, hvort skúr hans væri í yztu götunni, og hafi hún sagt það vera. Hún hafi svo rekizt á ákærða á mót-um E-götu og nafnlausrar götu, sem liggur þvert á þá götu. Hafi þau orðið samferða suður þvergötuna, og hafi það verið á leið hennar heim á G-götu 42, sem er við enda greindrar þvergötu.

Ákærði heldur hins vegar, að klukkan hafi verið um 23.40, þegar hann fór frá Júlíönu. Kveðst hann hafa ætlað að heim-sækja nefndan Magnús, sem hann hafi þekkt, þó að hann hefði aldrei komið til hans áður, en fara síðan aftur til Júlíönu og halda áfram að drekka áfengi með henni. Hann hafi, áður en hann fór á brott, spurt telpuna að því, hvort skúr Magnúsar væri í yztu götunni, og hafi hún sagt það vera og sagzt vera í þann veginn að fara sömu leið. Hafi hann þá spurt hana að því, hvort þau gætu ekki orðið samferða, og hafi hún talið það vera sjálfsagt. Hafi hann farið aðeins á undan henni út úr húsinu, en síðan hafi þau gengið saman út á áðurgreinda þvergötu og suður hana.

Telpan hefur hins vegar neitað því að hafa sagt við ákærða, að hún væri í þann veginn að fara sömu leið og hann og að hann hafi þá spurt hana að því, hvort þau gætu ekki orðið samferða og hún talið það sjálfsagt. Þá kveður hún og rangt, að þau hafi gengið saman út á þvergötuna eða að þau hafi mælt sér mót fyrir utan hús Júlíönu.

Júlíana Guðbjartsdóttir hefur borið það, að ákærði hafi farið frá henni milli kl. 22.20 og 22.25, og hafi hún gengið út frá, að hann væri að fara heim til sín. Ákærði hafi fyrr um kvöldið talað um, að hann þyrfti að vera kominn heim til sín kl. 22.30

vegna manns, sem hann ætti von á í sambandi við viðgerð á bifreið, en ákærði kveðst ekki muna eftir því, að hann hefði orð á þessu. Júlíana kveður, að litlu síðar, eða um 7—8 mínútum eftir að ákærði fór frá henni, hafi telpan farið í burtu og sagzt ætla að fara heim til sín. Hún kveðst ekki hafa heyrt hana eða ákærða tala um, að þau skyldu verða samferða, og telur hún, að hún hefði hlotið að heyra slíkt tal, ef svo hefði verið.

Magnús Kristjánsson sjómaður, G-götu 70 í Kringlumýri, kveðst hafa fyrir fáeinum árum verið að afplána ölvunarsektir í fangahúsinu hér í bæ, og hafi ákærði þá verið þar samtímis. Hafi þeir síðan heilsazt á götu, en enginn kunningsskapur verið á milli þeirra og hafi ákærði aldrei komið heim til hans á G-götu 7, þar sem hann hafi búið í um 2 ár.

Telpuna X og ákærða greinir mjög á um, hvað gerðist svo. Þykir gleggst að rekja framburð hvors þeirra sérstaklega.

Framburður telpunnar er þessi:

Þegar þau höfðu gengið samhliða nokkurn spöl suður þvergötuna, komu þau að jarðhúsum á vinstri hönd. Við eitt þeirra greip ákærði allt í einu að fyrra bragði í hana og hóf hana hálfvegis á loft. Féll hún á bakið í ísilagðan poll milli jarðhússins og götunnar, og brotnaði ísinn, en vatn var undir honum, svo að telpan blotnaði á bakinu. Síðan lagðist hann ofan á hana og reyndi að þröngva henni til samfara. Hann tók um háls hennar, svo að henni lá við köfnun, og kvaðst hann mundu kæfa hana, ef hún lét ekki að vilja hans eða ef hún veinaði. Hann reif sportbuxur, sem hún var í, niður um hana, og rifnaði vinstri skálmin næstum alveg niður, og talan í buxnahaldinu slitnaði af. Síðan fór hann með höndina á milli fóta hennar, greip í klobbót nærbuxna hennar og reif þær. Þá fóru bomsur og skór af fótum hennar. Ákærði opnaði síðan buxnaklauf sína og tók út getnaðarlim sinn og reyndi að koma honum inn í kynfæri hennar, en tókst það ekki, og snerti limurinn þau aðeins að utanverðu. Þá káfaði hann utan á kynfærum hennar með annarri hendi sinni, en fór hvorki með fingur inn í þau né meiddi hana þar. Hún veitti eins mikla mótstöðu og henni var unnt og hún ein olli því, að ákærða tókst ekki að hafa samfarir við hana. Þá reyndi hún að hrópa á hjálp, en sökum þess, hve ákærði hélt fast um háls hennar, kom aðeins korrhljóð frá henni.

Í þessu sáust ljós bifreiðar fyrir norðan Miklubraut, og var henni ekið suður hina nafnlausu þvergötu og síðan beygt aust-

ur í E-götu og hún stöðvuð við hús Júlíönu. Þegar ákærði sá bifreiðarljósin, sagði hann: „Það er bíll að koma“ og stóð á fætur. Dró hann hana síðan á hnjánum eftir frosinni jörðinni suður fyrir jarðhúsið, út í ísilagðan poll eða flag, svo að ísinn brotnaði og varð hún blaut og óhrein á hnjám og fótum. Hann dró hana áfram á hnjánum á bak við, þ. e. austur fyrir, jarðhúsið. Þar reyndi hann á nýjan leik að þröngva henni til samfara með sama hætti og áður. Hann lagðist ofan á hana, tók svo fast um háls hennar, að henni lá við köfnun, káfaði með annarri hendinni utan á kynfærum hennar og reyndi að koma getnaðarlim sínum inn í þau, en hún beitti öllum kröftum sínum til að koma í veg fyrir það, og tókst honum ekki heldur í þetta skipti að koma fram vilja sínum og gat aðeins snert kynfæri hennar að utanverðu með limnum. Hann klæddi hana alveg úr sportbuxunum og fleygði þeim frá sér. Þá reif hann nærbuxur hennar enn frekara, en gat þó ekki tekið þær niður um hana, og einnig reif hann kuldaúlpu, sem hún var í, lítið eitt.

Hún sá, þegar ákærði lá ofan á henni á bak við jarðhúsið, hvar hundur kom norður þvergötuna og staðnæmdist þar út undan jarðhúsinu. Var þetta hundur stjúpa hennar, B verkamanns, G-götu 42 í Kringlumýri. Ákærði kvaðst mundu drepa hundinn, ef hún reyndi að kalla á hann. Það reyndi hún eigi að síður, í því skyni að siga honum á ákærða, en gat ekki komið upp hljóði, sökum þess hve ákærði tók fast um háls hennar. Síðan sneri hundurinn við í norðurátt áleiðis heim til hennar.

Ákærði virtist þreytast vegna mótspyrnu hennar. Að lokum sagðist hann mundu sleppa henni, ef hann fengi að hafa samfarir við hana síðar og hún lofaði því að segja engum frá því, hvað gerzt hefði. Tilneydd lofaði hún honum þessu, og sleppti hann henni þá. Hún bað hann um að finna sportbuxur hennar, bomsur og vettlinga, og fann hann fatnað þenna og afhenti henni. Jafnframt sagði hann við hana, að hún skyldi segja frá því heima, að buxur hennar hefðu rifnað svona, er hún hefði hlaupið á gaddavír, og bætti hann við, að hann myndi kæfa hana, ef hún segði það ekki. Fór hún síðan rակleitt heim til sín, en ákærði tók á rás í átt til Miklubrautar.

Telpan heldur, að viðureign hennar og ákærða hafi staðið í um 40 mínútur.

Framburður ákærða er hins vegar þessi:

Þegar þau voru komin rétt suður fyrir jarðhús, sem þarna er næst þvergötunni að austanverðu, fór telpan að stríða honum

með því, hversu ófríður hann væri. Hann vildi einnig stríða henni, staðnæmdist og kyssti hana á hægri kinnina. Sló hún hann þá utan undir og þreif í hár hans. Hann greip í sportbuxur hennar, þeim megin sem lásinn var, og reyndi hún að slíta sig lausa. Rifnuðu buxurnar þá alveg óviljandi af hálfu hans, en þær fóru þó ekki niður um hana. Hún datt um leið á hnén á eystri brún götunnar, en stóð strax á fætur og reyndi að slá ákærða í andlitið. Reiddist hann þá og tók um háls hennar með greipum annarrar eða beggja handa, en hann man ekki sérstaklega, hvort það var kverkatak. Hann hrinti henni síðan frá sér, og hrökklaðist hún út fyrir veginn að austanverðu og lá við, að hún dytti. Hún sagði nú við hann í vælutón, að hún ætlaði að leita að steini eða einhverjum hlut til að henda í hann, en ekkert varð úr því. Eftir þetta urðu engar frekari sviptingar milli þeirra, og féll allt í ljúfa löð með þeim. Hún bað hann um að finna aðra bomsu hennar, sem hún hafði misst, er hún hrökklaðist út af veginum, svo og vettlinga hennar. Fann hann hvorttveggja við vegkantinn, þar sem átökin höfðu átt sér stað, og afhenti henni. Hún spurði hann síðan að því, hvort hún ætti að fara svona rifin heim til sín eða til Júlíönu, og sagði hann henni þá að fara heim. Skildu svo leiðir þeirra, og fór ákærði til Júlíönu, en telpan áleiðis heim til sín.

Rétt um það bil, þegar átök ákærða og telpunnar byrjuðu, sá hann ljós bifreiðar, sem ekið var í suðurátt í þó nokkurri fjarlægð fyrir norðan þau, og gengur hann út frá því, að það hafi verið fyrir norðan Miklubraut, en hann veitti bifreiðinni enga frekari athygli og getur ekki sagt um, hvort hún nam staðar fyrir utan hús Júlíönu Guðbjartsdóttur. Engin orðaskipti fóru fram milli hans og telpunnar út af bifreið þessari.

Ákærði hefur ekki vefengt, að vinstri skálmin á sportbuxum telpunnar hafi rifnað næstum alveg niður og að tala á buxna-streng þeirra hafi rifnað af í átökum þeirra. Hins vegar neitar hann því að hafa tekið í nærbuxur hennar, og kveðst hann ekki heldur hafa vitað, hvort hún var í slíkum buxum, en telur, að ef þær hafi rifnað, hljóti það að hafa gerzt um leið og sportbuxurnar rifnuðu. Þá kveðst hann ekki heldur hafa orðið var við, að úlpa eða nokkur annar fatnaður hennar rifnaði.

Ákærði kveður, að hvorki hann né telpan hafi farið að jarðhúsinu. Hann man ekki heldur til þess, að hún færi út í poll við veginn, og man hann ekki sérstaklega eftir polli fyrir sunnan nefnt hús. Kveður hann, að átök þeirra hafi verið á þriggja

metra svæði á eystri brún áðurgreindrar þvergötu, og hefur hann bent á svæði þetta, sem er  $11\frac{1}{2}$ — $14\frac{1}{2}$  metra fyrir sunnan jarðhúsið.

Ákærði kveðst ekki hafa orðið var við hund eða hundgá í greindum átökum eða fyrir eða eftir þau og sé það einber hugarburður hjá telpunni, að hann hafi sagzt mundu drepa nokkurn hund, ef hún reyndi að kalla í hann.

Ákærði kveður, að telpan hafi ekki hrópað á hjálp, en það hafi hún getað, hefði hún viljað. Hann gizkar á, að átök þeirra hafi ekki staðið lengur en í 5—8 mínútur.

Ákærði kveðst ekki hafa vitað, hve telpan var gömul, en haldið samkvæmt útliti hennar og því, sem hann rámar í, að einhvern tíma hafi verið sagt af einhverjum, að hún væri um 16 ára.

Þráspurður hefur ákærði neitað því, að tilgangur hans hafi verið sá að hafa samfarir við telpuna og að hann hafi reynt að þröngva henni til samfara. Þá hefur hann neitað því að hafa fleygt henni á jörðina eða dregið hana eftir jörðinni, að hafa hótað því að kæfa hana, ef hún leyfði honum ekki að hafa samfarir við hana eða ef hún hrópaði á hjálp eða segði öðrum frá því, hvað gerzt hefði, að hafa tekið út getnaðarlim sinn eða opnað buxnaklauf sína eða að hafa farið höndum um kynfæri hennar eða læri eða farið með höndina milli fóta hennar. Enn fremur hefur hann neitað því að hafa sagt við hana, að hann skyldi leyfa henni að fara burtu, ef hann fengi að hafa samfarir við hana síðar, og minntist hann aldrei á samfarir við hana, eða að hafa sagt henni að segja, að buxur hennar hefðu rifnað, er hún hefði hlaupið á gaddavír, og að ella myndi hann kæfa hana.

Telpan X kveður, að það sé rangt hjá ákærða, að hún hafi farið að stríða honum með því, hversu ófríður hann væri, eða með öðru móti, að hann hafi kysst hana og hún þá slegið hann utan undir og þrifið í hár hans, að hún hafi sagt við hann, að hún ætlaði að leita að steini eða einhverjum hlut til að henda í hann, eða að hún hafi spurt hann að því, hvort hún ætti að fara heim til sín eða til Júlíönu og hann þá sagt, að hún ætti að fara heim.

Frekara samræmi hefur ekki fengizt milli framburða ákærða og telpunnar, þrátt fyrir samprófun þeirra.

B (stjúpi X) hefur borið það, að þetta kvöld hafi hann verið að gegningum í Selási og haldið þaðan áleiðis heim um kl. 22.15

með strætisvagni, og farið úr honum við Shell-stöðina við Suður-landsbraut. Hann hafi gengið þaðan suður Kringlumýrarveg og austur F-götu í Kringlumýri og síðan suður hina nafnlausu þvergötu. Hann kveðst ekki hafa heyrt hróp, mannamál eða annan slíkan hávaða eða orðið mannaferða var í Kringlumýri. Hann kveðst eiga hund, sem kallaður er Andi, og komi hundurinn venjulega hlaupandi á móti honum, þegar hann kemur heim í Kringlumýri að aflokinni vinnu á kvöldin. Þetta kvöld hafi hundurinn hins vegar ekki komið strax á móti honum, þegar hann nálgaðist heimili sitt. Þess í stað hafi hann heyrt hund gelta mikið einhvers staðar nálægt, en svo hafi hundurinn komið úr norðurátt til hans á mótum nafnlausu þvergötunnar og F-götu og fylgt honum heim. Hafi klukkan þá verið 22.45—22.50, en R, kona hans, sem þá var heima, heldur, að hann hafi komið um kl. 22.40.

B var kominn heim, þegar telpan X kom þangað. Kveðst R, móðir hennar, hafa athugað tímann, þegar hún kom, og hafi klukkan þá verið 22.50, en B kveður, að telpan hafi komið rétt á eftir honum, en hve mörgum mínútum síðar, getur hann ekki sagt um. Þeim hjónum ber saman um, að hún hafi verið blóðug á hnjám og hálsi og föt hennar rifin, eins og síðar verður að vikið, og hefur R enn fremur tekið fram, að skór hennar og bomsur hafi verið fullar af vatni. Skýrði telpan frá því, að maður að nafni Atli hefði þá rétt áður ráðizt á hana og reynt að þröngva henni til samfara. Tilkynti R þá atburðinn strax á lögreglustöðina úr síma á heimilinu og færði telpuna úr hinum rifnu fötum, þvoði henni og hjúkraði.

Klukkan var 23, þegar R hringdi á lögreglustöðina. Lögreglumennirnir Þorsteinn Jóhannes Jónsson, Bogahlíð 7, Guðmundur Sigurgeirsson, Barmahlíð 46, báðir hér í bæ, og Pétur Ragnar Antonsson, Tjarnarbraut 27, Hafnarfirði, fóru á staðinn í bifreið, og óku þeir telpunni X á slysavarðstofuna. Þeir komu í leiðinni við hjá Júlíönu Guðbjartsdóttur í E-götu 38 og handtóku ákærða þar. Kveðst hann hafa þá litlu áður verið þangað kominn.

Júlíana Guðbjartsdóttir hefur borið það, að rétt eftir að ákærði og telpan voru farin í burtu frá henni, hafi maður komið til hennar og gefið henni eldivið og ekið síðan á brott. Kveðst hún ekki vita deili á manni þessum, og er ekki vitað, hver það hefur verið. Nokkru seinna, og nánar tiltekið kl. 23.05, hafi ákærði knúið á dyr hjá henni. Hafi hún innt hann eftir því,

hvers vegna hann væri kominn aftur, og hann þá sagzt hafa skroppið upp í skúr Magnúsar í G-götu 70. Hafi ákærði beðið um kaffi og fengið það, en það var til reiðu. Hún kveður, að hann hafi skolfið af kulda, en annars hafi hún ekkert séð óeðlilegt við hann, hvorki í útliti né fatnaði, en hún hafi ekki veitt honum neina sérstaka athygli, enda enga ástæðu haft til þess. Hann hafi ekki minnst á telpuna X eða að eitthvað sérstakt hefði komið fyrir. Hann hafi síðan farið inn á salerni, og á meðan hafi lögreglumennirnir komið á vettvang og spurt um hann, og hann þá komið fram og þeir handtekið hann.

Ákærði hefur neitað því, að Júlíana Guðbjartsdóttir hafi spurt hann að því, hvers vegna hann væri kominn aftur, og að hann hafi þá svarað, að hann hefði skroppið upp í skúr Magnúsar.

Telpan X, R, móðir hennar, og Pétur Ragnar Antonsson lögreglumaður fóru úr bifreiðinni hjá slysavarðstofunni, og voru meiðsli telpunnar athuguð þar, en síðan var þeim mæðgum ekið heim til sín. Hinir lögreglumennirnir tveir héldu áfram með ákærða niður á lögreglustöð og höfðu hann á milli sín, en Guðmundur Sigurgeirsson ók bifreiðinni. Ákærði var færður í varðhald lögreglustöðvarinnar, og næsta dag byrjaði hann að afplána gamlan refsisdóm í fangahúsinu við Skólavörðustíg.

Þorsteinn Jóhannes Jónsson lögreglumaður hefur borið það, að hann hafi ekki séð áfengi á ákærða og ekki heldur tekið eftir neinu sérstöku í útliti hans eða klæðnaði, svo sem áverka á honum eða merki þess, að hann hefði lent í sviptingum, eða sérstökum óhreinindum á fötum hans. Hins vegar hafi föt hans verið heldur tuskuleg og hann verið yfirleitt óhreinlegur, en hvort þau óhreinindi voru ný eða gömul, hafi ekki verið hægt að sjá. Ákærði hafi talað mikið á leiðinni, og hafi það mest verið um akstur bifreiðarinnar og umferðina. Þá hafi hann á leiðinni frá slysavarðstofunni niður á lögreglustöð sagt, að hann renndi grun í tilefni handtöku hans, þegar hann sá þær mæðgur í bifreiðinni, og sagt orðrétt: „Þær láta svona þessar stelpur, þegar maður er að reyna við þær.“ Jafnframt hafi hann látið orð falla um, að það væri hreint happdrætti eða lotterí, hvort hefði það, karlmaðurinn eða kvenmaðurinn, þegar reynt væri við þær, eða önnur lík orð. Kveðst Þorsteinn Jóhannes hafa þá haft orð á því, hvort honum hefði ekki fundizt kalt að vera með atlot við kvenmann undir beru lofti í þessu veðri. Ákærði hafi ekkert gefið út á það.

Guðmundur Sigurgeirsson lögreglumaður hefur borið það, að hann hafi ekki merkt áfengisáhrif á ákærða eða áfengislykt af honum. Annars hafi hann ekki athugað ákærða sérstaklega, og geti hann ekki sagt um, hvort föt hans voru rifin eða hvort hann var blóðugur eða skrámaður. Hafi honum virzt sem ákærða kæmi handtakan ekki á óvart, er hann sá telpuna og móður hennar í aftursæti bifreiðarinnar, en telpan hafi verið æst og óróleg. Þá kveður Guðmundur, að á leiðinni frá slysavarðstofunni til lögreglustöðvarinnar hafi hann eða Þorsteinn Jóhannes eða þeir báðir spurt ákærða að því, hvort hann hefði verið að eiga eitthvað við telpuna eða reynt eitthvað til við hana. Hafi ákærði neitað því og sagt á þá leið, að maður væri aldrei viss um, hvernig stúlkur tækju því, þegar maður reyndi við þær, annaðhvort hefði karlmaðurinn það eða kvenmaðurinn, og hafi ákærði gefið í skyn, að hún hefði haft betur. Annarhvor þeirra lögreglumannanna hafi látið orð falla um, að veðrið væri ekki sérstaklega heppilegt, og hafi ákærði þá sagt, að veðrið skipti ekki máli.

Pétur Ragnar Antonsson lögreglumaður kveður, að ákærði hafi sjáanlega verið búinn að neyta áfengis og hafi hann ekki orðið var við, að föt hans væru rifin eða óhrein eða að hann væri blóðugur eða skrámaður, en annars kveðst hann ekkert hafa athugað ákærða sérstaklega.

Jakob Björnsson, Hólmgarði 48, hér í bæ, sem var varðstjóri á lögreglustöðinni, þegar komið var með ákærða þangað, kveðst hafa séð hann þá tilsýndar, og hafi hann ekki getað séð áfengi á honum.

Ákærði hefur borið, að hann hafi látið orð falla um það, eftir að hann hafði séð þær mæðgur í bifreiðinni, að hann renndi grun í, hvers vegna verið væri að handtaka hann. Þá kveðst hann minnst þess, að lögreglumaðurinn, sem sat við hægri hlið hans og ók ekki bifreiðinni, sagði við hann: „Varstu að kjá við telpuna?“ eða önnur lík orð, en því hafi hann engu svarað. Hins vegar hafi hann sagt: „Þær láta svona þessar stelpur, þegar þær eru að reyna að koma manni inn í hagnaðarskyni.“ Frekari orðaskipti milli hans og lögreglumannanna út af atburði þeim, sem hann var handtekinn fyrir, hafi ekki farið fram.

Njörður Snæholm rannsóknarlögreglumaður, Þingholtsbraut 11 B, Kópavogi, fór daginn eftir margnefndan atburð á vettvangi í Kringlumýri, að tilvísan telpunnar X. Hefur hann lýst staðnum að efni til þannig:

Var þetta við jarðhús, sem er um einn metra austan við götu, sem liggur suður frá Miklubraut og endar við heimili telpunnar. Jarðhúsið er uppbyggt, á aðra mannhæð á hæð, og gert úr grasi-vöxnu torfi að utan. Milli húss þessa og götunnar var ísilagður pollur, en ísinn var brotinn nema við endana. Pollurinn var ílangur, á að gizka metri á lengd frá norðri til suðurs og meira sunnan megin en norðan megin svæðisins milli hússins og götunnar. Tæplega hálfan metra í nokkurn veginn beinni línu undan suðvesturhorni hússins var lítil svört tala, og um hálfan metra fyrir sunnan dyr á suðurhlið þess var önnur stærri tala, af sömu stærð og eru notaðar á kuldaúlpum. Fyrir austan húsið var gras-sverðinum sparkað upp, og þar var talsvert af brotnum njóla-stönglum. Brot þeirra virtust vera ný, borið saman við brot á öðrum stönglum, sem þarna voru, og vitnið (þ. e. Njörður) braut. Annað var ekki að sjá þarna nema smá hnökri af fataló við suðausturhorn jarðhússins, svipaðri því, sem safnast í brotum á buxum og í vösum.

Þá athugaði Njörður Snæhólm úlpu og tvennar buxur, sem telja verður sannað með framburðum telpunnar X og R, móður hennar, svo og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, að telpan var í umrætt mánudagskvöld. Er lýsing hans á fatnaðinum þannig:

„Aðrar buxurnar voru síðar sportbuxur með þröngum skálm-um og rennilás vinstra megin. Saumurinn var rifinn frá lásnum og hér um bil niður úr, og ein tala var rifin af buxnahaldinu. 12 cm saumspretta var á bakhlutanum. Þá voru blóðblettir í buxunum, og litu hné þeirra út eins og kvenmaður sá, sem í þeim hefði verið, hefði verið dreginn á þeim. Hinar buxurnar voru nærbuxur, og voru skálmur þeirra rifnar og rifið niður úr skrefinu. Þá var grænn graslitur og mold á bakhluta þeirra.“ Þá kveður Njörður, að úlpan hafi verið rifin við hornið á hettunni og rifið út úr hnappagati.

Er þessi lýsing á fatnaðinum efnislega í samræmi við ástand hans, þegar dómurinn tók hann í vörzlur sínar við upphaf rannsóknar málsins.

R kveður, að fatnaðurinn hafi verið þannig á sig kominn, þegar telpan X kom í honum heim til sín umrætt kvöld, og telpan kveður, að þannig hafi fatnaður hennar farið við árás ákærða á hana rétt áður um kvöldið.

Þeim mæðgum ber báðum saman um það, að minni talan, sem Njörður Snæhólm fann á vettvangi, hafi verið í buxnastreng

sportbuxnanna eða sé nákvæmlega eins og talan, sem þar var.

Þá hefur Stefanía Jónína Guðmundsdóttir, frú, til heimilis að Seljabrekku við Seljalandsveg, hér í bæ, borið, að hún hafi saumað greindar sportbuxur síðla árs 1957. Hafi hún fest svarta buxnatölu af venjulegri stærð í streng buxnanna, og hafi talan verið af sömu stærð og áþekk minni tölunni, sem fyrr greinic.

Einar Osvald Lövdahl cand. med., Samtúni 12, hér í bæ, athugaði telpuna X á slysavarðstofunni. Kveður hann, að hún hafi komið þangað kl. 23.30, og hefur hann lýst meiðslum hennar þannig:

„Stúlkan virðist talsvert skelfd og miður sín, en að öðru leyti eðlileg í framgöngu. Aðalkvartanir stúlkunnar eru eymsli í háls-vöðvum, en hún kveður árársarmanninn hafa tekið með báðum höndum utan um háls sér, svo og eymsli í báðum hnjám. Skoðun leiðir í ljós: allmikið marin og viðkvæm beggja megin á hálsi, grunnar afrifur á báðum hnjám.“ Læknirinn kveðst ekki hafa athugað læri telpunnar.

Bjarni Bjarnason læknir, Mávahlíð 30, hér í bæ, athugaði telpuna næsta dag, og hefur hann lýst meiðslum hennar þannig:

„Ofan og aftan til við bæði eyru hefur hún mjög viðkvæma, upphleypta bólgubletti, og vinstra megin á enni uppi í hársrótum eru sömu einkenni. Enn fremur hefur hún marbletti og bólgu utan á hálsi báðum megin, þó aðallega til vinstri, en þar nær hún alla leið frá öxl og upp undir eyra. Á þessu svæði eru húðrispur, eins og eftir neglur. Aftan á báðum axlarliðum eru marblettir og bólga. Ofarlega á h. læri innanvert er þumalgómsstór marblettur, og í sömu hæð utanvert á læri eru 2 rispur, allbreiðar, sem gætu verið eftir neglur.

Yfir báðum hnéskeljum og neðan við þær er þétt bólga, húðin bláleit og marin með smá rispum á hægri hné, en ofan við vinstri hnéskel er dálítið fleiður.

Sjúkl. kvartar um eymsli og verki í handleggjum og fótum, og gangurinn er stirður og haltrandi, enn fremur á hún mjög erfitt með að snúa til höfðinu vegna sársauka í hálsinum.“

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands, dags. 22. apríl f. á., var veður í Reykjavík kl. 21 og kl. 24 6. apríl f. á. þannig:

Kl.	Vindátt og veður-hæð	Mest veður-hæð sein. 3 klst.	Veður	Skyggni	Hiti
21	NNE 5	6	Snjóól	20—21 km	— 6.7
24	N 7	7	Léttskýjað	40—45 —	— 6.9

Að undangengnum úrskurði sakadóms, uppkeðnum 11. maí f. á., rannsakaði Þórður Möller, geðveikralæknir að Kleppi, geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, og er niðurstaða læknisins, sbr. skýrslu hans, dags. 28. september f. á., á þessa leið:

„Niðurstaðan af þessari rannsókn verður svipuð og fyrr, að hér er ekki um að ræða geðveikan mann, geðveilan né heldur fávita, heldur treggefinn mann, sem hefur verið vandræðamaður frá bernsku og óreglumaður frá unga aldri, og hefur nú ofan á langan lista margs konar afbrota komið sjálfum sér í þau vandræði að vera grunaður um nauðgunartilraun, framda undir áfengisáhrifum.

Ekkj er ástæða til þess að efast neitt um sakhæfi mannsins, ef út í það er farið.“

Ákærði hefur hvorki kvænt né eignast börn. Hann kveðst (24. apríl 1959) hafa á annað ár verið heitbundinn konu, 37 ára að aldri.

Telpan X kveðst (10. apríl 1959) ekki hafa haft samfarir við karlmann

Kemur nú til álita, hvort ákærði hefur gerzt sekur um atferli það, sem í ákæruskjali greinir.

Ákærði og telpan X eru ein til frásagnar um sakaratriði, og er verulegt ósamræmi milli framburða þeirra um þau.

Á hinn bóginn hafa komið fram ýmis atriði í rannsókn málsins, sem þýðingu hafa við mat á sök eða sakleysi ákærða. Þessi atriði eru:

1) Ákærði fór í burtu frá Júlíönu Guðbjartsdóttur á undan telpunni X — litlu eða um 7—8 mínútum áður, að sögn Júlíönu, stuttu áður, að sögn telpunnar og aðeins á undan henni, að sögn ákærða sjálfs. Ekkert hefur komið fram til styrktar þeirri staðhæfingu hans, að telpan og hann hafi mælt sér mót fyrir utan hús Júlíönu. Framburðir telpunnar og Júlíönu þykja hins vegar vera því til styrktar, að ákærði hafi beðið eftir telpunni úti fyrir og meira að segja búið til þá sögu, að hann ætlaði að hitta Magnús Kristjánsson í G-götu 70 í því skyni að auðvelda það, að þau yrðu samferða áleiðis suður hina nafnlausu þvergötu, enda kveður Magnús, að ákærði hafi aldrei komið heim til hans og hafi enginn kunningsskapur verið á milli þeirra.

2) Ákærði hefur viðurkennt, að komið hafi til sviptinga milli hans og telpunnar. Verður að telja sannað, að í þeim hafi fatnaður hennar farið á þann veg, sem Njörður Snæhólm lögreglumaður hefur lýst hér að framan, og að það hafi verið af völdum

ákærða. Reif ákærði því m. a. vinstri skálm sportbuxna hennar næstum alveg niður úr og tölu úr streng buxnanna, svo og nærbuxur hennar niður úr skrefinu. Þá litu hné sportbuxnanna út, eins og að telpan hefði verið dregin á þeim, en grænn graslitur og mold var á bakhluta nærbuxnanna.

3) Samkvæmt athugun Njarðar Snæhólms daginn eftir á stað þeim, sem telpan kveður, að ákærði hafi ráðizt á hana og reynt að þröngva henni til samfara, var á milli jarðhússins og þvergötnnar pollur, sem ís var brotinn á nema við endana, og fyrir austan húsið var grassverðinum sparkað upp og talsvert af njólastönglum, sem virtust nýbrotnir. Þá var rétt út undan suðvesturhorni hússins tala, sem margt bendir til, að sé hin sama og slitnaði úr buxnastreng telpunnar. Hins vegar hefur ákærði haldið því fram, að átök þeirra hafi átt sér stað á eystri brún þvergötnnar, þó nokkru fyrir sunnan jarðhúsið, og hafi þau aldrei farið að því húsi.

4) Með framburðum B og R þykir sannað, að þegar telpan kom heim til sín eftir átök hennar og ákærða, var hún blóðug á hnjám og hálsi og skór hennar og bomsur fullar af vatni. Jafnframt voru meiðsli þau, sem telja verður sannað, að hún hafi hlotið í átökunum við ákærða, m. a. þessi: a) upphleyptir bólguþlettir ofan og aftan við eyrun, b) marþlettir og bólga utan á hálsi og aftan á axlarliðum, c) þumalgómstór marþlettur ofarlega á innanverðu hægra læri og tvær allbreiðar rispur á utanverðu læri og d) þétt bólga yfir hnéskeljum og neðan við þær og dálítið fleiður ofan við vinstri hnéskel, svo og mar með smárispum á hægra hné.

5) Framburður B þykir veita sönnun fyrir þeirri staðhæfingu telpunnar, að hundurinn Andi kom á vettvang, meðan á sviptingum hennar og ákærða stóð. Hlaut ákærði að verða var geltandi hundsins, en ákærði hefur neitað því. Styrkir þetta framburður telpunnar um orðaskipti hennar og ákærða út af hundinum.

6) Að sögn Júlíönu Guðbjartsdóttur kvaðst ákærði, þegar hann kom aftur til hennar, hafa skroppið til Magnúsar í G-götu 70, en þangað fór hann aldrei. Reyndar hefur ákærði neitað að hafa sagt þetta, en Júlíana hefur haldið fast við sinn framburður.

7) Telpan heldur, að viðureign hennar og ákærða hafi varað í um 40 mínútur, en hann gizkar á, að þau hafi ekki staðið lengur en í um 5—8 mínútur. Telja verður sannað með framburðum telpunnar og Júlíönu Guðbjartsdóttur, að telpan fór frá

henni um kl. 22.20—22.25. Þá þykir sannað með framburðum R og B, að telpan kom heim til sín um kl. 22.50, en á lögreglustöðina var hringt um kl. 23. Verður því að telja framburð telpunnar um tímalengd viðureignarinnar mun nær sanni en framburð ákærða, sem að auki heldur, að hann hafi farið frá Júlíönu í fyrra skiptið um kl. 23.40.

8) Með framburði lögreglumannanna Þorsteins Jóhannesar Jónssonar og Guðmundar Sigurgeirssonar er sannað, að ákærði, þó að hann hafi ekki viljað við það kannast, sagði á leiðinni frá slysavardstofunni til lögreglustöðvarinnar á þá leið: a) að þær létu svona þessar stelpur, þegar maður væri að reyna við þær, eða að maður væri aldrei viss um, hvernig þær tækju því, þegar maður reyndi við þær, svo og b) að það væri hreint happdrætti eða lotterí, hvort þeirra hefði það, karlmaðurinn eða kvenmaðurinn, þegar reynt væri við þær, eða að annað hvort hefði karlmaðurinn það eða kvenmaðurinn, eða önnur lík orð.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint í 1.—8. lið, svo og með tilvísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan að öðru leyti, þykir ekki aðeins verða að hafna framburði ákærða um, hvað honum og telpunni fór á milli í umrætt skipti, heldur þykir framburður hennar vera studdur þeim rökum, að hann verður lagður til grundvallar í málinu. Er því lögfull sönnun fengin fyrir því, að ákærði reyndi að þröngva telpunni til samfara með ofbeldi, og hefur hann því gerzt brotlegur gegn 194. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing ákærða með sérstöku tilliti til afbrotaferils hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

R hefur fyrir hönd dóttur sinnar, telpunnar X, krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða henni kr. 600.00 fyrir fataskemmdir, kr. 100.00 fyrir læknisvottorð og kr. 11.300.00 vegna áverka og í miskabætur, eða samtals kr. 12.000.00.

Ákærði hefur neitað öllum þessum liðum og kveðst engar bætur greiða af fúsum vilja, en með því að dómurinn telur, að kröfuliðirnir séu studdir nægilegum rökum samkvæmt framan-sögðu, verður bótakrafan tekin til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með

talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs verjanda ákærða, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000 til hvors.

Dómsrannsókn máls þessa hófst 10. apríl f. á. Með bréfi dómara, dags. 22. maí f. á., til Þórðar Möllers læknis var þess beiðst, að læknirinn rannsakaði geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, og er skýrsla læknisins dags. 28. september f. á., eins og fyrr segir. Með bréfi, dags. 21. október f. á., sendi dómari málið til fyrirsagnar dómsmálaráðuneytisins, og með bréfi ráðuneytisins, dags. 27. sama mánaðar, lagði það fyrir dómara að ljúka rannsókn málsins og kveða síðan upp í því dóm, sbr. ákæruskjal, dags. sama dag. Hinn 11. janúar s.l. var ákæruskjalið birt ákærða. Með bréfum, dags. 19. sama mánaðar, voru sækjandi og verjandi skipaðir í málinu og dagur til munnlegs flutnings þess ákveðinn 29. sama mánaðar. Flutningi málsins var þó frestað þann dag, og var það flutt og tekið til dóms 23. f. m. Dómsuppkvaðning hefur frestast nokkuð vegna anna dómara við rannsókn svonefnds „frímerkjamáls“.

#### Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Atli Árnason, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði R fyrir hönd X kr. 12.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs verjanda ákærða, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.